

Brunavarnir Austur- Húnvetninga

Ársreikningur 2016

Brunavarnir Austur-Húnvetninga
Norðurlandsvegj 2
540 Blönduós

kt. 590293-2619

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Brunavarnir Austur-Húnavetninga sjá um brunavarnir fyrir Austur-Húnavetninga. Aðilar að samlaginu eru sveitarfélögin Blönduósibær og Húnavatnshreppur. Á árinu starfaði að meðaltali einn starfsmaður hjá félaginu og námu launagreiðslur 5,7 millj. kr. Að auki greiddi félagið 1,2 millj. kr. í launatengd gjöld. Ársverk á árinu var eitt.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2016 að fjárhæð 6,4 millj. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok nam 15,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Brunavarna Austur-Húnavetninga hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Blönduósi, 2017.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Brunavarna Austur-Húnavetninga.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Brunavarna Austur-Húnavetninga („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil víska en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Blönduósi, 2017.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	Áætlun
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta		145.500	50.000
Aðrar tekjur		1.082.645	400.000
		<u>1.228.145</u>	<u>450.000</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	6.953.569	10.372.175
Rekstur fasteigna		1.056.395	940.444
Rekstur bifreiða		783.264	1.640.000
Annar rekstrarkostnaður		4.009.483	5.345.000
		<u>12.802.711</u>	<u>18.297.619</u>
Rekstartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(11.574.566)	(17.847.619)
Vaxtatekjur		27.839	0
Vaxtagjöld		(35.098)	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(7.259)</u>	<u>0</u>
Tap án framlags aðildarsveitarfélaga		(11.581.825)	(17.847.619)
Framlög aðildarsveitarfélaga		<u>18.000.000</u>	<u>18.000.000</u>
Hagnaður ársins	6	<u><u>6.418.175</u></u>	<u><u>152.381</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	212.000	212.000
Fastafjármunir samtals		<u>212.000</u>	<u>212.000</u>
Kröfur á tengda aðila		14.122.600	7.906.749
Aðrar skammtímakröfur		1.075.705	901.664
Handbært fé		402.408	292.062
Veltufjármunir samtals		<u>15.600.713</u>	<u>9.100.475</u>
Eignir samtals		<u>15.812.713</u>	<u>9.312.475</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		15.407.673	8.989.498
Eigið fé samtals	6	<u>15.407.673</u>	<u>8.989.498</u>
Skuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		405.040	322.977
Skuldir samtals		<u>405.040</u>	<u>322.977</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>15.812.713</u>	<u>9.312.475</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	5		

Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	Áætlun
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	6	6.418.175	152.381
Veltufé frá rekstri		<u>6.418.175</u>	<u>152.381</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum.....	(<u>6.307.829)</u>	<u>(152.381)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>110.346</u>	<u>0</u>
Hækkun á handbæru fé		110.346	0
Handbært fé í ársbyrjun		<u>292.062</u>	<u>292.062</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>402.408</u></u>	<u><u>292.062</u></u>

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðildarsveitarfélög Brunavarna Austur-Húnavetninga bera ábyrgð á rekstri og skuldbindingum félagsins.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrrareikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími bifreiðar er 7 ár.

c. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2016	Áætlun
Laun	5.719.831	8.535.400
Launatengd gjöld	1.233.738	1.836.775
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>6.953.569</u>	<u>10.372.175</u>
Fjöldi ársverka	1	

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreið
Heildarverð 1.1.2016	2.120.000
Afskrifað samtals	(1.908.000)
Bókfært verð 31.12.2016	<u>212.000</u>
Afskriftahlutföll	15%

5. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu Brunavarna Austur-Húnavetninga eru bifreiðar og fasteign sem ekki eru færðar í efnahagsreikning félagsins. Eignirnar voru fjármagnaðar af aðildarsveitarfélögunum og eru færðar í efnahagsreikning þeirra samkvæmt eignarhlutdeild á þeim tíma. Eignir utan efnahagsreiknings greinast þannig:

Bifreiðar:	Árgerð	Kaupverð
Ford SD-945	1992	7.113.186
Man GS-530	1982	<u>3.222.888</u>
		<u>10.336.074</u>

Fasteign:

Slökkvistöð er að Norðurlandsvegi 2, Blönduósi. Í árslok nam vátryggingaverð fasteignar 35,3 millj. kr., fasteignamat 8,3 millj. kr. og fasteignamat lóðar 3,9 millj. kr.

Skýringar, frh.:

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Eigið fé 1.1.2016	8.989.498
Hagnaður ársins	<u>6.418.175</u>
Eigið fé 31.12.2016	<u>15.407.673</u>